

Mál nr. 302/2011

M

og

vátryggingafélagið X v/ starfstengdrar sjúkra- og slysaörorkutryggingar.

Upplýsingagjöf við töku persónutryggingar.

Gögn.

130. Málskot, móttækið 18.7.2011.2011, ásamt fylgigögnum.

131. Bréf V (vátryggingamiðlunar), dags. 9.8.2011.

Málsatvik.

Á grundvelli vátryggingarumsóknar, dags. 9.12.2004, hafði M í gildi frá sama degi starfstengda sjúkra- og slysaörorkutryggingu hjá breska vátryggjandanum X. Hafði vátryggingarsamningnum verið komið á fyrir tilstilli vátryggingamiðlunarinnar V. Í vátryggingarumsókninni svaraði M neitandi þeirri spurningu að hann hafi einhvern tíma þjást af hrygglosi, ofreynslu í mjóhrygg eða öðrum veikindum í hrygg. Einnig svaraði M neitandi spurningu um að hann hafi þjást af öðrum sjúkdómum eða áverkum sem hann hafi þurft að leita eftir ráðgjöf læknis eða meðferðar við á síðastliðnum þremur árum fyrir dagsetningu umsóknarinnar eða kunni að þurfa að leita meðferðar við í framtíðinni.

Í kjölfar sjúkdóms í mars 2006 greindist M með brjóska í hálsi sem leiddi til óvinnufærni hans. Af hálfu M var tjónstilkynning, ásamt læknisvottorði heimilislæknis hans, send til V. Í téðu læknisvottorði kemur fram að M hafi fyrri sögu um vöðvatengd mjóbaksvandamál sem krafðist sjúkraþjálfunar sumarið 2001 („has a previous history of muscle related lower back problems that required physical therapy in the summer 2001“). Einnig kemur fram í vottorðinu að M hafi ekki kvartað eða þurft á meðferð að halda vegna bakvandamála síðan. Þá hafi hann heldur ekki fyrri sögu um vandamál er tengjast hryggþófa („no history of disc related conditions“). Á grundvelli þessara upplýsinga í læknisvottorðinu, að því er virðist, taldi X að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku vátryggingarinnar. Ef vátryggingin hefði á annað borð verið samþykkt hefði verið gerður fyrirvari um viðtæka undanþágu vegna baksjúkdóma, svo hljóðandi: „This insurance excludes all claims for disablement arising out of, due to or aggravated by Intervertebral Disc Lesions and / or injury or disease or defect of the spine and its associated structures.“ Með vísan til þessa kveður X að M eigi ekki rétt til bóta.

Álit.

Engum öðrum gögnum er til að dreifa í málinu um fyrri sjúkdómseinkenni M í baki en fyrrgreint læknisvottorð heimilislæknis. Af því verður ekki ráðið að M hafi svarað ranglega spurningum í vátryggingarumsókninni um það hvort hann hafi áður þjást af hrygglosi, ofreynslu í mjóhrygg eða öðrum veikindum í hrygg. Þá verður heldur ekki ráðið að sú læknismeðferð, þ.m.t. sjúkraþjálfun, sem M hlaut sumarið 2001 hafi verið innan þriggja ára miðað við dagsetningu umsóknarinnar eða að hann hafi þá vitað eða mátt vita að hann kynni að þurfa að leita meðferðar í framtíðinni vegna þessara sjúkdómseinkenna. Samkvæmt þessu og takmörkuðum rökstuðningi X að öðru leyti verður ekki séð að X hafi tekist að sýna fram á að M hafi veitt rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar eða á annan hátt sýnt af sér háttsemi sem eigi að leiða til brottfalls bótaréttar. M á því rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfstengdri sjúkra- og slysaörorkutryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.